

Alþingi  
Erindi nr. P 135/811  
komudagur 5.12.2007



Alþingi-nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík  
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631  
Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)  
[kristinhuld@fornleifavernd.is](mailto:kristinhuld@fornleifavernd.is)

Reykjavík 3. desember 2007  
Tilvísun: Fvr 2007120001 IKHS

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun**

Óskað hefur verið umsagnar Fornleifaverndar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun nr. 104/2001, og breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, þskj. 33 - 33. mál.

Það er mat Fornleifaverndar ríkisins að það sé löngu tímabært að breyta núgildandi viðmiði um friðun húsa úr árinu 1850 og nær okkur í tíma, þannig að yngri hús falli þar undir. Spurningin er hvort skynsamlegra sé að miða við árið 1900 eða við 100 ára reglu eins og gert er hér og einnig í þjóðminjalögum nr. 107/2001 varðandi friðaðar fornleifar og forngrípi. Sú regla hefur komist á í Hollandi að þar er miðað við 100 ára markið eins og í þessu frumvarpi, en jafnframt er gert ráð fyrir að nauðsynlegt sé að skoða hvert mál fyrir sig og ákvarða í framhaldi af því hvort friðun hússins eigi að standa. Með því að setja 100 ára markið er í raun verið að veita tíma til að vega og meta hvort friða beri húsið. Það sama mætti setja inn varðandi kirkjur 75 ára og eldri, að vegna aldursákvæðis séu þær friðaðar, en jafnframt verði að meta friðunargildi hverrar kirkju fyrir sig.

Þá teljum við til bóta að gerðar hafa verið breytingar á skipulags- og byggingarlögum í þá átt að skipulagsfulltrúum sé skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðar.

Fornleifavernd ríkisins telur mikla bót að friðun nái ekki einungis til húss, eins og tíðkast hefur hingað til, heldur einnig umhverfis þess.

Fornleifavernd ríkisins vekur athygli á nauðsyn þess að samræmi sé á milli þjóðminjalaga nr. 107/2001 og húsafriðunarlaga nr. 104/2001. Það vill bera við að lögin skarist. Sem dæmi mætti taka að skv. 9. grein þjóðminjalaga lið a. telst svokallað búsetulandslag til fornleifa og fellur þar með undir stjórnslu Fornleifaverndar ríkisins. Í lið 2:4 bls. 2. í frumvarpinu er fjallað um menningarlandslag og strandlínu á þann hátt að ætla mætti að hér væri álitíð að stjórnslu þessara svæða félli undir Húsafriðunarnefnd ríkisins. Þá hefur verið litið svo á að trjágardar falli einnig undir stjórnslu Fornleifaverndar ríkisins og að þeir séu hluti svokallaðs búsetulandslags.

Þá telur Fornleifavernd ríkisins ástæðu til að vekja athygli á nauðsyn þess að hugað sé að öllum gömlum byggingum í einkaeign á landsbyggðinni. Á undanförunum árum hefur mun meiri

áhersla verið lögð á varðveislu bygginga í þéttbýli, einkum íbúðarhúsa, en merk útihús á landsbyggðinni hafa ekki fengið sömu athygli né fjárstyrk til uppbyggingar. Fer þessum húsum nú ört fækkandi.

Virðingarfyllt

*Kristín Huld Sigurðardóttir*

Kristín Huld Sigurðardóttir  
Forstöðumaður